

309. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins Gylfaflöt 5, föstudaginn 14.12.2012, kl.11.30.

**Mættir eru:**

Oddný Sturludóttir, Ómar Stefánsson, Hjördís Jóna Gísladóttir, Páll Hilmarsson, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson.  
Frankvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

**Tekið fyrir:**

**1. Eigendastefna SORPU – erindi SSH**

Drög að eigendastefnu SORPU bs. sem frestað var á síðasta fundi stjórnar rædd.  
Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi umsögn og gerir ráð fyrir að fá lokadrögin til endanlegrar umfjöllunar.

**2. Starfsreglur stjórnar**

Lögð fram og kynnt drög að starfsreglum stjórnar SORPU bs. sem unnin voru af stjórnarmönnum Oddnýju Sturludóttur, Páli Hilmarsyni og Bjarna Torfa Álfþórssyni.  
Drögin rædd. Stjórn samþykkir starfsreglurnar samþjöða og þakkar vel unnið starf.

**3. Breyting á gjaldskrá**

Kynnt vísitölubreyting gjaldskrár sem tekur gildi 1. janúar 2012. Vísitöluhækkun frá gjaldskrá 1. júlí 2012 er 0,80%.

Herdís Sigurjónsdóttir fer af fundi.

**4. Sameiginlegt útböð á endurskoðunarþjónustu**

Lagt fram að nýju bréf frá borgarráði Reykjavíkur dagsett 12. júlí 2012 er varðar: Tillögu um undirbúning við val á ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar. Stjórn samþykkir að taka þátt í sameiginlegu útböði að því gefnu að það valdi ekki kostnaðarauka fyrir SORPU.

**5. Úthlutun styrkja frá Góða hirðinum**

Styrkveiting Góða hirðisins / SORPU bs. fór fram fimmtudaginn 13. desember.  
Úthlutað var til 16 góðgerðarmála alls 14 milljónum króna.

**6. Raf- og rafeindatekjaúrgangur**

Frankvæmdastjóri greinir frá stöðu mála í móttöku raf- og rafeindatekjaúrgangs en óvíst er um móttöku þessa úrgangs um áramót.  
Málið rætt.

**7. Starfsleyfi SORPU bs. í Gufunesi og Álfsnesi**

Frankvæmdastjóri leggur fram og kynnis bréf SORPU bs. dagsett 6. desember 2012, til Umhverfis- og auðlindaráðherra er varðar: Umsókn um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir móttökustöð í Gufunesi og urðunarstað í Álfsnesi.

**8. Fundarplan stjórnarfunda fyrri hluta 2013**

Frankvæmdastjóri leggur fram drög að fundarplani stjórnarfunda fyrri hluta árs 2013.  
Fundarplanið samþykkt með áorðnum breytingum.

**9. Önnur mál**

Stjórn, framkvæmdastjóri og starfsfólk SORPU bs. þakkar gott og ánægjulegt samstarf við þá þrjá stjórnarmenn sem nú hverfa úr stjórn SORPU, þær Oddnýju Sturludóttur, Herdís Sigurjónsdóttur og Hjördís Jóna Gísladóttur.  
Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 21. janúar, klukkan 7.30.

q

Hafnarfjarðarbær
Dag: 14.12.2012
Númer: 1201182
Skjalnúmer: 580.2

Björn H. Halldórsson  
Hjördís Jóna Gísladóttir  
Páll Hilmarsson  
Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Ómar Stefánsson  
Sigríður B. Einarsdóttir

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 13.45.  
Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Olegr Steindóttir

Omer Stefánsson

Páll Músson

Hjörtur J. Gústafsson

Þorvaldur Gylfsson

Margrjet Grange Magnúsdóttir

Ólafur A. Hauksdóttir

R. H.

23.2.2011

Hilmar Þorvaldsson